

## **SAMÞYKKT**

### **um breytingu á samþykkt um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar, nr. 492/2014.**

#### **1. gr.**

1. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar er skipuð 7 fulltrúum sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum bæjarfélagsins samkvæmt kosningalögum nr. 112/2021.

#### **2. gr.**

1. mgr. 16. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Við ritun fundargerða bæjarstjórnar skal farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, samanber auglýsingu þess efnis nr. 1181/2021, sem settar hafa verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### **3. gr.**

29. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Bæjarráð skal halda fundi vikulega nema þá viku sem bæjarstjórnarfundur er haldinn. Formaður bæjarráðs í samráði við oddvita minnihluta og bæjarstjóra getur frestað fundi ráðsins til næstu viku á eftir séu engin brýn mál sem liggja fyrir. Bæjarráð ákveður sjálft fundardag og fundartíma. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs og sér um að fundarboð berist bæjarráði í tölvupósti. Fundarboð skal berast að minnsta kosti hálfum sólarhring fyrir fund.

Geti aðalmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann eða hlutast til um að varamaður verði boðaður.

#### **4. gr.**

32. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn bæjarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin.

Bæjarráð hefur eftirlit með stjórnarsýslu bæjarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir bæjarstjórn.

Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir bæjarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Meðan bæjarstjórn er í sumarleyfi fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella og fer með fullnaðarafgreiðslu mála, nema lög mæli á annan veg.

#### **5. gr.**

35. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Kosningar í fastanefndir bæjarstjórnar, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem bæjarfélag á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar sé þess óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skal bæjarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Ef breyta þarf því hverjir sitja sem aðalmenn eða varamenn í fastanefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eiga tillögur þess efnis að berast forseta bæjarstjórnar eða

bæjarstjóra áður en fundarboð er sent út til bæjarstjórnar sé því viðkomið, svo að tillögur að nýjum aðal- eða varamönnum berist með fundarboði til bæjarstjórnar.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarétt í bæjarfélaginu, nema annað leiði af lögum sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

#### 6. gr.

36. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum, erindisbréfum sbr. 10. tölul. 5. gr. samþykktar þessarar eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

Bæjarstjórn er heimilt að sameina nefndir þó að kveðið sé á um það í lögum að kjósa skuli sérstaka nefnd til að fara með tiltekin verkefni.

Bæjarstjórn staðfestir erindisbréf fyrir ráð, nefndir og stjórnir, þar sem kveðið er á um hlutverk, valdsvið og starfshætti í samræmi við lög, reglugerðir og almenna starfshætti sveitarstjórnar.

#### 7. gr.

37. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir bæjarstjórn til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar til að ákvarðanir teljist gildar.

Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnast staðfestingar bæjarráðs eða bæjarstjórnar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreidd með formlegum hætti.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir bæjarráð eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn bæjarfélagsins.

#### 8. gr.

38. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Formaður boðar fundi og sendir út fundarboð. Fundarboð skal berast fulltrúum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Heimilt er að senda fundarboð ásamt gögnum með rafrænum hætti. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem nauðsynleg eru til að fulltrúar geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

Fundarboð vegna aukafundar skal berast fulltrúum svo fljótt sem auðið er en ekki síðar en sólarhring fyrir fund. Aukafund skal boða ekki síðar en tveim dögum eftir að ósk þar um barst formanni nefndar. Formenn nefnda geta falið starfsmanni nefndar að senda út fundarboð.

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfni og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

#### 9. gr.

39. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnun sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda fundagerðabækur. Ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 16. gr. samþykktar þessarar.

#### 10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. samþykktarinnar:

- a. Við B1 lið 46. gr., bætist nýr töluliður, nr. 4, svohljóðandi:

*Hafnarstjórn.* Hafnarstjórn hefur með höndum hafnamál samkvæmt lögum um hafnamál, nr. 61/2003. Ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.

b. Í B2 lið 46. gr. fellur 2. tölul. brott og við bætast tveir nýir töluliðir, nr. 2 og 3, svohljóðandi:

2. *Atvinnumálaráð.* Ráðið fer með málefni atvinnumála og önnur þau málefni sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.

3. *Kjörstjórn.* Kjósa skal þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara samkvæmt lögum og reglugerðum þar um. skv. 17. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt ákvæðum kosningalaga.

- c. Við B3 lið 46. gr. bætast við tveir nýir töluliðir, nr. 3 og 4, svohljóðandi:

3. *Öldungaráð.* Bæjarstjórn kýs þrjá aðalmenn og þrjá til vara samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Félag eldri borgara tilnefnir þrjá fulltrúa og þrjá til vara, auk þess sem heilsugæslan tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara. Fundargerðir öldungaráðs skulu lagðar fyrir velferðarráð áður en þær fá fullnaðarafgreiðslu í bæjarstjórn. Ráðið skal fjalla um heilsufar og félagslega velferð aldraðra, samhæfingu þjónustu og tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.

4. *Fjallskilanefnd.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafn marga til vara. Nefndin starfar í umboði umhverfismálaráðs og fundargerðir fjallskilanefndar skulu lagðar fyrir umhverfismálaráð áður en þær fá fullnaðarafgreiðslu í bæjarstjórn. Nefndin sér um málefni fjallskila skv. lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986 og reglugerð um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár nr. 200/1998. Nefndin fer einnig með málefni riðuveiki samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 651/2001 ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.

d. Í C-lið 46. gr. falla töluliðir 2, 3 og 4 brott og við bætast nýir töluliðir 2, 3, 4 og 5, svohljóðandi:

2. *Heilbrigðisnefnd Vestfjarða.* Bæjar- og sveitarstjórnir á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3. *Velferðarþjónusta Vestfjarða.* Samkvæmt samningi um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum, sbr. auglýsing nr. 1210/2023 fer Ísafjarðarbær með verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og þjónustu við fatlað fólk skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

4. *Velferðarþjónusta Ísafjarðarbæjar.* Í samræmi við samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum tilnefnir hvert þjónustusvæði áheyrnafulltrúa í velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar með málfrælsi og tillögurétt. Á grundvelli samningsins fer velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar með yfirstjórn barnaverndarþjónustu á svæðinu skv. 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

5. *Fjórðungsþing Vestfirðinga*. Rétt til setu á Fjórðungsþingi Vestfirðinga hafa aðalmenn í bæjarstjórn eða varamenn þeirra samkvæmt samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga.

e. Við D-lið 46. gr. bætast tveir nýir tölululiðir 4 og 5, svohljóðandi:

4. *Stjórn Náttúrustofu Vestfjarða*. Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa á aðalfund samkvæmt ákvæðum í lögum þess.

5. *Byggðasafn Vestfjarða*. Bæjarstjórn kýs aðalfulltrúa á aðalfund samkvæmt ákvæðum í lögum þess. Stjórnin kýs sér formann. Safnið er sameign Ísafjarðarbæjar, Súðavíkurhrepps og Bolungarvíkurkaupstaðar.

11. gr.

Á eftir 52. gr. kemur ný grein, 52. gr. b, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

*Framsal bæjarstjórnar til starfsfólks til fullnaðarafgreiðslu mála.*

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur bæjarstjórn ákveðið í samþykkt þessari eða með sérstökum viðauka við hana, að fela einstaka starfsmönnum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því.

Nýti bæjarstjórn heimild skv. 1. mgr. skal í viðauka skilgreint um hvaða verkefni er að ræða sem og hvernig fara skuli með endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessum ákvæðum og birtingu slíkrar ákvörðunar.

Starfsmaður sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu getur farið fram á að bæjarstjórn eða viðkomandi nefnd skv. samþykktum þessum, taki ákvörðun í máli.

Bæjarstjórn, byggðarráð eða hlutaðeigandi nefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessari málsgrein og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli hennar.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls sem hefur verið fullnaðarafgreitt á grundvelli 1. eða 2. mgr. til bæjarstjórnar.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993.

12. gr.

Á eftir 59. gr. samþykktarinnar bætist við IX. kafla, með fyrirsögn, ásamt tveimur nýjum greinum 60.-61. gr., og breytast önnur kaflanúmer og greinar í samræmi við það.

## IX. KAFLI

### Samvinna sveitarfélaga

60. gr.

*Samvinna sveitarfélaga.*

Bæjarstjórn er heimilt að eiga samstarf um starfrækslu verkefna við annað eða önnur sveitarfélög og framselja vald til töku ákvarðana um rétt og skyldu manna. Fer um slíkt samstarf skv. IX. kafla sveitarstjórnarlaga og þau sérlög sem við eiga.

61. gr.

*Samningar við einkaaðila.*

Bæjarstjórn er heimilt að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd á þjónustu og öðrum verkefnum fyrir sveitarfélagið, enda sé áætlað fyrir viðkomandi verkefni í fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins, sbr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga. Skulu ákvæði

stjórnsýslulaga og upplýsingalaga, sem og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar, gilda um þá stjórnsýslu sem verktaki tekur að sér að annast.

13. gr.

Við samþykktina bætist nýr viðauki, viðauki I, um valdframsal til Ísafjarðarbæjar samkvæmt samningi um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum, sbr. auglýsingu nr. 1210/2023, sem birtur er með samþykkt þessari.

14. gr.

*Gildistaka*

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, xx 2023.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.

Viðauki I  
*Um framsal til Ísafjarðarbæjar*

1. gr.

*Ísafjarðarbær sem leiðandi sveitarfélag þegar kemur að sérhæfðri velferðarþjónustu.*

Sveitarfélagið Bolungarvíkurkaupstaður hefur falið Ísafjarðarbæ að vera leiðandi sveitarfélag þegar kemur að sérhæfðri velferðarþjónustu og felur það í sér að sveitarfélagið hefur framselt vald til töku ákvarðana sem taldar eru upp í 2. og 3 gr. þessa viðauka til Ísafjarðarbæjar, sbr. auglýsingu um staðfestingu samnings um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum nr. 1210/2023. Því liggur endanleg ábyrgð á ákvörðunum hjá bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar eftir því sem við á samkvæmt viðkomandi lögum.

Ísafjarðarbær hefur heimild til að framselja valdi til töku stjórnvaldsákvæðana til nefnda eða starfsmanna og skal slíkt valdframsal útfært í samþykktum Ísafjarðarbæjar um stjórn og fundarsköp í samræmi við sveitarstjórnarlög og lög sem um stjórnvaldsákvörðunina gilda.

Samkvæmt III. kafla barnaverndarlaga er bæjarstjórn, fastanefndum og nefndum ekki heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrirmæli um meðferð einstakra mála. Því eiga 2. og 3. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga ekki við um barnaverndarþjónustu og er bæjarstjórn og fastanefndum ekki heimilt að hafa eftirlit með afgreiðslu einstakra mála barnaverndarþjónustu né taka ákvarðanir í barnaverndarmálum, að undanskildum eftirlitsheimildum velferðarnefndar Ísafjarðarbæjar vegna yfirstjórnar hennar.

2. gr.

*Framsál ábyrgðar og ákvarðanatöku til Ísafjarðarbæjar er varðar barnavernd.*

Sveitarfélagið framselur til Ísafjarðarbæjar ábyrgð og ákvarðanatöku í eftirfarandi verkefnum á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 fyrir hönd sveitarfélagsins:

- a. að bera ábyrgð á barnavernd, verkefnum og ákvörðunum samkvæmt lögnum sem eru ekki sérstaklega falin öðrum, sbr. 10. gr.
- b. ákvörðun um hvort hefja eigi könnun máls, sbr. 21. gr.
- c. gerð og framkvæmd áætlunar um meðferð máls, sbr. 23. gr.
- d. taka ákvörðun um hvort loka eigi máli eða gera áætlun um meðferð máls, sbr. 23. gr.
- e. veita aðstoð, sbr. a-e lið 1. mgr. 24. gr.
- f. taka við forsjá eða umsjá barns og ráðstafa í fóstur, sbr. a-lið 1. mgr. 25. gr.
- g. taka við forsjá eða umsjá barns og vista barn utan heimili á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings, sbr. b-lið 1. mgr. 25. gr.
- h. fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra, sbr. a-e lið 1. mgr. 26. gr.
- i. fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra og/eða barns sem hefur náð 15 ára aldri, sbr. a- og b-lið 1. mgr. 27. gr.
- j. gera kröfu fyrir héraðsdómi að fengnum úrskurði umdæmisráðs, sbr. 1. mgr. 28. gr. og 29. gr.
- k. úrræði vegna ófæddra barna, sbr. 1. mgr. 30. gr.
- l. gera kröfu fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings, sbr. 2. mgr. 30. gr.
- m. neyðarráðstafanir, sbr. 31. gr.
- n. skipan lögráðamanns eða taka yfir forsjá barns, sbr. 32. gr.
- o. áætlun um tryggja umsjá barns sem barnaverndarþjónusta hefur tekið við umsjá eða forsjá með, sbr. 33. gr.

- p. senda inn beiðni til lögreglu um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann, sbr. 37. gr.
- q. taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann skv. 3. mgr. 46. gr.
- r. taka nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi skv. X. og XI. kafla.
- s. ráðstöfun barns í fóstur, sbr. 65. gr.
- t. fara með alla vinnslu máls eftir að ákvörðun um vistun eða fóstur liggur fyrir,
- u. gerð fóstursamnings, endurskoðun og slit fóstursamnings, sbr. XII. kafli,
- v. ákvörðun um fjárhæð fósturlauna og framfærslueyris, sbr. 68. og 89 gr.
- w. gera tillögur um umgengni barns í fóstri við foreldra og aðra nákomna, sbr. 81. gr.
- x. hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila eða sambýla til að veita börnum móttöku að uppfylltum skilyrðum, a- og b-lið 84. gr.
- y. hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur, sbr. 85. gr.
- z. sumardvöl á vegum barnaverndarþjónustna, sbr. 86. gr.

Auk þess veitir barnaverndarþjónustan umsagnir vegna ættleiðingar skv. 16. og 31. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999 og tilnefnir málstjóra skv. 20. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Um valdframsal til nefnda og starfsmanna Ísafjarðarbæjar, málsmeðferð og endurupptöku mála samkvæmt þessari grein er vísað til gildandi viðauka um fullnaðarafgreiðsluheimildir við samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar enda hefur bæjarstjórn Bolungarvíkur ekki boðvald yfir Ísafjarðarbæ og starfsmönnum þess.

### 3. gr.

*Framsal ábyrgðar og ákvarðanatöku til Ísafjarðarbæjar er varðar þjónustu við fatlað fólk.* Sveitarfélagið framselur til Ísafjarðarbæjar ábyrgð og ákvarðanatöku í eftirfarandi verkefnum á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 fyrir hönd sveitarfélagsins:

- a. gerð samninga við sjálfseignarstofnanir eða aðra einkaaðila um þjónustu, sbr. 6. gr,
- b. stoðþjónusta sem er nauðsynleg þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu, sbr. 8. gr.,
- c. búsetu, sbr. 9. gr.,
- d. gerð notendasamninga, sbr. 10. gr.,
- e. gerð samninga um notendastýrða persónulega aðstoð, sbr. 11. gr.,
- f. hafa forystu í þverfaglegu þjónustuteymi um útfærslu þjónustu, sbr. 12. gr.,
- g. stuðningsfjölskyldur, sbr. 15. gr.,
- h. frístundaþjónusta fatlaðra barna og ungmenna, sbr. 16. gr.,
- i. skammtímadvöl, sbr. 17. gr.,
- j. sumardvöl, sbr. 18. gr.,
- k. tilnefning málstjóra, sbr. 19. gr., sbr. lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021,
- l. vinnustaðir fyrir verndaða vinnu, hæfingu og dagþjónustu fyrir fatlað fólk þar sem því stendur til boða þroska-, iðju- og starfsþjálfun, sbr. 24. gr.,
- m. veiting styrkja eða fyrirgreiðslna vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar, sbr. 25. gr.

Um valdframsal til nefnda og starfsmanna Ísafjarðarbæjar, málsmeðferð og endurupptöku mála samkvæmt þessari grein er vísað til gildandi viðauka um fullnaðarafgreiðsluheimildir við samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar enda hefur bæjarstjórn Bolungarvíkur ekki boðvald yfir Ísafjarðarbæ og starfsmönnum þess.